

STJÓRNARTÍÐINDI A 2 – 2003

Nr. 2

2

3. febrúar 2003

LÖG

um Vísinda- og tækniráð.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Markmið laga þessara er að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu í því skyni að treysta stoðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins.

2. gr.

Stefna stjórnvalda í vísinda- og tæknimálum skal mörkuð af Vísinda- og tækniráði til þriggja ára í senn. Umfjöllun þess á hvoru sviði um sig skal undirbúin af vísindanefnd og tækninefnd.

3. gr.

Forsætisráðherra skipar 14 menn í Vísinda- og tækniráð til þriggja ára í senn og jafnmarga til vara samkvæmt tilnefningum eftirtalinna aðila:

- a. fjóra samkvæmt tilnefningu samstarfsnefndar háskólastigsins,
- b. tvo samkvæmt tilnefningu Alþýðusambands Íslands,
- c. tvo samkvæmt tilnefningu Samtaka atvinnulífsins,
- d. einn samkvæmt tilnefningu menntamálaráðherra,
- e. einn samkvæmt tilnefningu iðnaðarráðherra,
- f. einn samkvæmt tilnefningu sjávarútvegsráðherra,
- g. einn samkvæmt tilnefningu landbúnaðarráðherra,
- h. einn samkvæmt tilnefningu heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra,
- i. einn samkvæmt tilnefningu umhverfisráðherra.

Auk framangreindra skulu forsætisráðherra, fjármálaráðherra, iðnaðarráðherra og menntamálaráðherra eiga fóst sæti í ráðinu, en þar að auki skal forsætisráðherra vera heimilt að kveðja allt að tvo ráðherra til setu í ráðinu í senn. Forsætisráðherra er formaður ráðsins.

4. gr.

Úr hópi þeirra sem skipaðir eru skv. 1. mgr. 3. gr. tilnefnir Vísinda- og tækniráð fulltrúa í vísindanefnd og jafnmarga til vara, sem menntamálaráðherra skipar. Ráðherra skipar jafnframt formann og varaformann úr hópi nefndarmanna.

Iðnaðarráðherra skipar tækninefnd með sama hætti.

Nefndirnar skulu hafa með sér samráð um þau atriði sem máli skipta fyrir stefnumótun Vísinda- og tækniráðs.

5. gr.

Með reglugerð getur forsætisráðherra mælt nánar fyrir um starfsemi Vísinda- og tækniráðs, menntamálaráðherra um starfsemi vísindanefndar og iðnaðarráðherra um starfsemi tækninefndar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 3. febrúar 2003.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Davíð Oddsson.